

Mánudaginn 13. septembermán.

Nr. 17/1875: Rjettvísni

gegn

Guðlaugi Þórðarsyni.

D ó m u r.

Með eigin játningu hins ákærða, fangans Guðlaugs Þórðarsonar, og öðrum skýrslum, er komið hafa fram í máli þessu, má það álitast löglega sannað, að hann hafi farið úr Keflavík fimmtudaginn seinasta í þorra í vetur, er leið, og ætlaði út á Hvalsnes, en á leiðinni kom honum til hugar að stela peningum frá Jóni Sveinbjörnssyni í Sandgerði, og hjelt hann því þangað og kom þar í fjöruna fyrri hluta nætur; þar tók hann íferu úr skipi nokkru, er þar var, og gekk með hana heim að bænum; hann komst að því, að fólk allt var þar í svefni, og er hann hafði sannfærzt um það, gekk hann að timburhúsi nokkru, sem þar er á hlaðinu — en honum var kunnugt, að enginn svaf þar, eða hjelt þar til — síðan beygði hann frá einni rúðunni í gafflugugga á húsinu smánagla þá, er hún var fest með, tók svo rúðana úr og kippti síðan með hendinni glugganum úr; síðan fór hann inn um gluggann og inn í húsið. Þar inni voru meðal annars 2 kistur, og stóð hvor ofan á annari; hann spennti nú lokið á þeirri efri upp með íferunni, en tók samt ekki úr henni nema fáeina þumlunga af munntóbaki; rjedið síðan að neðri kistunni og spennti líka upp lokið á henni með íferunni, og brotnaði lokið við það. Í þessari kistu fann hann lítinn stökk, og stóð lykillinn í skránni, þar voru í 2 peningapokar, og tók hann þá báða, og fór síðan burt með þá og út úr húsinu sömu leiðina, og tillti glugganum í aptur. Síðan hjelt hann upp á heiði og faldi þar annan pokann, en tók áður úr honum 4 krón-

ur, en hinn pokann hafði hann með sjer gegnum Hafna-
hrepp og Grindavík og faldi hann loks í Krýsuvík-
hverfinu. Af peningunum hafa komið til skila 950 kr.,
en ákærði kveðst hafa brúkað af þeim 40 kr., en af þeim
40 kr. er þó seinna komið til skila 1 kr. 56 a., og vant-
ar því af peningum þeim, er ákærði segir að hafi verið
í pokunum, 38 kr. 44 a. og 1 sixpence stykki, og hafði
hann sumpart keypt fyrir þá brennivín, sikur og fleira
smávegis, sumpart gefið þá. Ákærði, sem er fæddur
1824, hefur þrisvar áður verið dæmdur fyrir þjófnað;
fyrst 1859 fyrir þjófnað framinn í 1. sinni til 2×5
daga vatns- og brauðshegningar, síðan 1863 fyrir þjófnað
framinn í annað sinni til 4 ára betrunarhúsvinnu,
og 1869 fyrir þjófnað framinn í þriðja sinni til sömu
hegningar, en með konungsúrskurði var dómur sá mild-
aður til 2×27 vandarhagga refsingar. Með dómi
þeim, er kveðinn var upp á aukapíngi 4. júní nú í sum-
ar í máli þessu af sýslumanninum í Gullbringu- og
Kjósarsýslu, er ákærði dæmdur til að sæta 6 ára typtun-
arhúsvinnu, og að lúka Jóni Sveinbjarnarsyni í end-
urgjald 38 kr. 44 a. og greiða allan af málinu löglega
leiðandi kostnað, en þessum dómi hefur amtmaður skotið
til yfirdómsins.

Þar eð nú yfirdómurinn ekki getur betur sjeð, en
að undirdómarinn rjettilega hafi heimfært brot ákærða
undir hegningarlaganna 231. gr. 4 tl. og 234. gr., og
eins verður að álíta, að hegningin sje hæfilega metin
til 6 ára typtunarhúsvinnu, þá ber að staðfesta undir-
rjettardóminn, hvað hegninguna snertir, að öllu leyti,
og eins að því, er áhrærir endurgjald hins stolna og
sakarkostnaðinn. Svo ber ákærða og að greiða allan
af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal
til sóknara og svaramanns við yfirdóminn 10 kr. til
hvors, fyrir flutning þeirra á málinu.

Meðferð málsins í hjeraði hefur verið lögleg, og eins flutningur þess við yfirdóminn.

Því dæmist rjett að vera:

Undirjettarins dómur á óraskaður að standa; svo ber og ákærða að lúka allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, organsleikara P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors fyrir flutning málsins.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. októbermán.

Nr. 18/1875:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r.

Með því að undirdómarinn í máli þessu ekki hefur samkvæmt fyriræmum tilskipunar 31. maí 1805 4. gr. ritað á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um, að hann fyrir sitt leyti gjöri sig ánægðan með þann stefnufrest, sem tiltekinn er í stefnunni til ákærða, eins og ekki er heldur skírskotað til tjeðrar tilskipunar í stefnu þeirri, er undirdómarinn hefur ritað á dómsgjörðirnar, þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.